

Mál nr. 302/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.

Nafn vátryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Bótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 27. ágúst 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 18. september 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi leitað til heimilislæknis 26. janúar 2018 vegna aums hnúts í hægri brjósti. Heimilislæknir þreifaði hana, fann hnút í klukkustefnu 11 og vísaði henni til rannsóknar og skoðunar hjá skurðlækni. Læknirinn X hitti M samdægurs þar sem hann bæði skoðaði M og framkvæmdi brjóstamyndatöku. Niðurstaða hennar var eðlileg og var M send heim. M leitaði á ný til heimilislæknis 10. apríl 2019 vegna hnúts í hægri holhönd. Þá greindist fyrirferðaraukning í hægri brjósti og eitlameinvörp. Við frekari rannsóknir á Leitarstöðinni kom fram að um væri að ræða krabbamein í báðum brjóstum og meinvörp í lungum. Umfang sjúkdómsins var mikið og gekkst M undir mikla lyfjameðferð og síðar skurðaðgerð á báðum brjóstum og holhöndum í ágúst 2019. M hefur gert kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu X og byggir á því að um sé að ræða bótaskyldt atvik sem falli undir ákvæði 1. tölul. 2. gr. þágildandi laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, þar sem ætla megir að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði af hálfu X verið hagað eins vel og unnt hefði verið. Skoðun X hafi verið yfirborðskennd og engin sýnataka átt sér stað, eða frekari rannsóknir, þrátt fyrir að tilvísun heimilislæknis hafi ekki bara gefið fullt tilefni til þess, heldur hafi heimilislæknir staðsett hnút, sem X bar að rannsaka betur miðað við aðstæður, þ.m.t. vegna ættarsögu M. Bendir M á að samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu er við mat á orsakasambandi milli tjóns og rannsóknar eða meðferðar nægilegt að sýna fram á að tjón hafi að öllum líkindum hlotist af rannsókn eða meðferð. Hefðbundnar reglur skaðabótaréttar eigi því ekki við.

Í bréfi V til nefndarinnar er á það bent að samkvæmt þágildandi lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 hvíli sönnunarbyrði á tjónþola að sýna fram á að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Þótt slakað hafi verið á almennum sönnunarkröfum, þá sé það engu að síður skilyrði bótaskyldu að tjónið með „að öllum líkindum“ rekja til atvika sem falla undir lögin. Í málinu liggi fyrir álit landlæknis, dags. 17. júlí 2025, vegna kvörtunar M á hendur X vegna meintra mistaka/vanrækslu við veitingu heilbrigðisþjónustu. Í álitinu eru gögn málsins og röksemdir málsaðila rakin með ítarlegum hætti. Þá hafi embættið aflað umsagnar óháðs sérfræðings. Niðurstaða landlæknis var sú að X hafi ekki gert mistök við skoðun M í janúar 2018. Telur V að M hafi að engu leyti fært fram sönnun fyrir málatilbúnaði sínum um að mistök hafi verið gerð við meðferð hennar hjá X og að þau mistök hafi leitt til tjóns hennar. Því séu skilyrði 1. tölul. 2. gr. laganna ekki uppfyllt.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort líkamstjón M falli undir 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. þágildandi laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Þar segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megir að öllum líkindum rekja tjónið til þess atviks að ætla megir að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Tekur ákvæðið til allra mistaka sem verða við rannsókn eða meðferð. M byggir kröfu sína um bætur á því að komast hefði mátt hjá tjóni, hefði skoðun X verið ítarlegi og frekari rannsóknir verið framkvæmdar m.a. sýnataka. Fyrir liggur álit embættis landlæknis, dags. 17. júlí 2025, vegna kvörtunar M til embættisins vegna meintra mistaka og meintrar vanrækslu við veitingu heilbrigðisþjónustu 26. janúar 2018. Niðurstaða embættisins er sú að ekki sé hægt að staðhæfa að X hafi fundið hnút en látið vera að rannsaka hann frekar. Engin rök hafi komið fram sem styðji þá fullyrðingu að X hafi látið vera að sinna M eins vel og hægt var. Um hafi verið að ræða örvef sem þreifaðist á báðum brjóstum og hafi það því verið nærtæk skýring að mati X. Landlæknir taldi að mistök

hefðu ekki átt sér stað þegar M leitaði til X. Þá segir einnig: „Þar sem ekki var um auðfinnanlegan hnút að ræða að mati [...] er ekki hægt að fullyrða að sýnataka hefði getað greint mein í brjóstinu fyrr. Líkt og fram kemur í greinargerð [...] var áætluð stærð breytinga á þessum tíma 5-15 mm, það litlar að nánast ómögulegt hefði verið að greina krabbamein á þeim tíma sem málshefjandi leitaði til [...]“. Hefur M ekki lagt fram nein gögn sem hnekkja fyrrgreindu álitu landlæknis. Þó sönnunarkröfur til tjónþola séu vægari þegar kemur að sjúklingatryggingu en almennt í skaðabótarétti hvílir það samt sem áður á M að sýna fram á að tjón sé „að öllum líkindum“ að rekja til þeirra atvika sem tilgreind eru í 2. gr. laganna. Af framangreindu leiðir að nefndin telur að skilyrði bótaskyldu samkvæmt 1. tölul. 2. gr. þágildandi laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu séu ekki uppfyllt. Kröfu M er því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir